



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG FORSETAFRÚAR Í NORÐURÞING

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid halda í opinbera heimsókn í Norðurþing miðvikudaginn 18. október og fimmtudaginn 19. október næstkomandi. Forsetahjónin munu heimsækja skóla, heilbrigðisstofnanir, býli og fyrirtæki í sveitarfélaginu þessa tvo daga og boðið verður til Fjölskylduhátíðar í Íþróttahöllinni á Húsavík að kvöldi miðvikudagsins.

Dagskrá heimsóknarinnar hefst að Hveravöllum í Reykjahverfi kl. 08:30 að morgni 18. október þar sem forsetahjón munu kynna sér vistvæna ræktun grænmetis. Þaðan verður haldið til Húsavíkur að leikskólanum Grænuvöllum þar sem Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir leikskólastjóri, nemendur og starfsfólk taka á móti gestum kl. 09:30. Frá Grænuvöllum liggur leiðin í Skrúðgarðinn, sem Kvenfélagið á Húsavík hefur átt veg og vanda að, og síðan í Borgarhólsskóla. Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir skólastjóri, nemendur og starfsfólk kynna forsetahjónum starf skólans og síðan snæða þau hádegisverð með yngri nemendum.

Í hádeginu ávarpar forseti nemendur Framhaldsskólans á Húsavík og svarar fyrirspurnum þeirra auk þess sem nemendur bjóða gestum upp á tónlist. Eftir að forsetahjón hafa kynnt sér fyrirhugaðar framkvæmdir við sjóböð á Húsavíkurhöfða liggur leiðin í Stjórnsýsluhúsið á Húsavík þar sem sveitarstjórnarfolk kynnir þeim helstu stöðir samfélagsins, áskoranir og framtíðarsýn. Forsetahjón hitta síðan eldri borgara í Dvalar- og

hjúkrunarheimilinu Hvammi um kl. 13:45 og halda í kjölfarið að Safnahúsinu á Húsavík þar sem skoðaðar verða helstu sýningar undir leiðsögn Sifjar Jóhannesdóttur forstöðumanns. Eftir heimsókn í Húsavíkarkirkju verður litið inn í Helguskúr við Húsavíkurhöfn þar sem spjallað verður við þá sem þar ráða ríkjum.

Kl. 16:00 opnar forseti Íslands formlega nýja sýningu í Hvalasafninu og að því loknu verður efnt til málþings um horfur í ferðaþjónustu á svæðinu með þátttöku nokkurra helstu aðila í greininni. Í kjölfarið heimsækja forsetahjónin síðan Könnunarsögusafnið á Húsavík.

Dagskrá fyrri heimsóknardags forsetahjóna til Norðurþings lýkur með Fjölskylduhátíð í Íþróttahöllinni sem hefst kl. 20:00. Hátíðin er öllum opin.

Að morgni fimmtudagsins 19. október halda forsetahjón fyrst að Lóni í Kelduhverfi þar sem bændur kynna búskapinn. Um kl. 09:20 koma forsetahjón í Grunnskólann í Lundi og ræða þar við nemendur og starfsfólk. Eftir stutta heimsókn að Skinnastað liggur leiðin til Raufarhafnar. Forsetahjón heimsækja Grunnskólann um kl. 11:00, skoða framkvæmdir við Heimskautsgerðið með Jónasi Friðrik og Svövu Árnadóttur og snæða síðan hádegisverð á Hótel Norðurljósum. Eftir hádegi heimsækja forsetahjón GPG fiskverkun á Raufarhöfn og ræða að því loknu við eldri borgara staðarins í Breiðabliki um kl. 13:30.

Frá Raufarhöfn verður haldið að kjötvinnslustöðinni Fjallalambi á Kópaskeri, starfsemin skoðuð og rætt við starfsfólk. Eftir heimsókn í Stóru-Mörk, félagsmiðstöð aldraðra á Kópaskeri, lýkur heimsókn forsetahjóna til Norðurþings við Ásbyrgi.

16. október 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Snæbjörn Sigurðarson, atvinnu- og menningarfulltrúi Norðurþings (669 8425).